



505. fundur stjórnar SASS

**haldinn að Austurvegi 56 á Selfossi
föstudaginn 5. febrúar 2016 kl. 12.00**

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Eggert Valur Guðmundsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Elín Einarisdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Anna Björg Nielsdóttir, Páll Marvin Jónsson og Ágúst Sigurðsson. Sæmundur Helgason tengdist fundinum með fjarfundabúnaði. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð 504. fundar undirrituð.

2. Innri mál SASS

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu skipulagsbreytinga hjá SASS frá því á síðasta fundi. Fram kom að fundur hefur verið haldinn með fulltrúum Skaftárhrepps og Byggðastofnunar vegna verkefnisins „Skaftárhreppur til framtíðar“. Málið er í farvegi.

3. Uppfærð fjárhagsáætlun SASS 2016

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu uppfærða fjárhagsáætlun SASS fyrir árið 2016. Áætlun gerir ráð fyrir að samtökin verði rekin réttum megin við núllið.

Stjórn SASS leggur til við verkefnisstjórn Sónaráætlunar að verkefnið „Skaftárhreppur til framtíðar“ verði skilgreint sem sérstakt áhersluverkefni og á árunum 2016 og 2017 renni 3 m.kr. hvort ár til verkefnisins.

4. Drög að samningum við samstarfsaðila

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu uppfærð drög að samningi við samstarfsaðila. Einnig voru kynntar hugmyndir að hámarks fjárhæð hvers samstarfssamnings. Formanni og framkvæmdastjóra falið að ganga til samninga við samstarfsaðila á grunni framkomins minnisblaðs.

5. Umsagnarbeiðnir frá Alþingi

a) Tillaga til þingsályktunar um stefnu um nýjársfestingar, 372. mál.

Lagt fram til kynningar.

b) Frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga (skilgreining og álagning vatnsgjalds), 400. mál.

Lagt fram til kynningar.

- c) **Frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna (gjaldtökuheimildir, réttindi og skyldur fráveitna), 404. mál.**

Lagt fram til kynningar.

- d) **Frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (heimagisting, veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundin rekstrarleyfi), 457. mál.**

Stjórn SASS leggst gegn samþykkt frumvarpsins að óbreyttu. Hún tekur undir ábendingar Sambands Íslenskra sveitarfélaga sem fram koma í umsögn þeirra til atvinnuveganefndar og dagsett er 29. janúar sl.

Stjórn SASS vill sérstaklega árétta að hún telur að 90 daga reglan sem tengist heimagistingu samræmist ekki jafnræðisreglunni. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt er verið að mismuna aðilum á þann hátt að meðan einn þurfi að afla sér tilskilinna leyfa með tilheyrandi umstangi og kostnaði þurfi aðrir þess ekki.

- e) **Á vef umhverfisráðuneytisins er óskað eftir umsögn um tillögur að breytingum á byggingarreglugerð til lækkunar byggingarkostnaðar íbúðarhúsnæðis.**

Stjórn SASS fagnar fyrirhuguðum breytingum á byggingarreglugerð sem leiða eiga til lækkunar byggingarkostnaðar íbúðarhúsnæðis.

Stjórnin gerir hins vegar athugasemdir við drög að reglugerð í lið 2.3.5. gr. þar sem fjallað er um minniháttar byggingar. Þar sem heimilt er að byggja allt að 15 m² hús án leyfis, þarf einungis að tilkynna um framkvæmdina. Búið er að taka út eldri grein 5. þar sem ekki var heimilt að tengja vatn, rafmagn eða annað við viðkomandi framkvæmd. Hvatt er til að þessi skilgreining verði áfram í reglugerðinni.

Stjórnin leggst alfarið gegn fyrirhuguðum breytingum varðandi heimildir til að byggja allt að 25 m² húsnæði, bílskúr og gestahús, sem eingöngu er tilkynningarskylt. Þessar heimildir munu kalla á veruleg vandkvæði með eftirfylgni og eftirlit með framkvæmdum og túlkun einstaklinga um fjarlægðir frá lóðamörkum, sérstaklega í eldri hverfum þar sem ekki er mjög skilgreint deiliskipulag í gildi.

Stjórn SASS sér ekki að þessar heimildir leiði til lægra íbúðaverðs þar sem áðurnefndar heimildir snúa ekki að íbúðarhúsnæði beint eða framkvæmdarkostnaði við byggingu þess.

6. Önnur mál til kynningar, umræðu og afgreiðslu

a) **Vetrarlokanir á Suðurlandsvegi og vetrarþjónusta á Suðurstrandarvegi**

Stjórn SASS tekur undir bókun bæjarráðs Árborgar að Vegagerðin breyti skilgreiningu á vetrarþjónustu fyrir Suðurstrandarveg á þann hátt að vetrarþjónusta sé veitt 5 daga vikunnar. Vegna tíðra lokana Suðurlandsvegjar á Hellisheiði og um Þrengslin er mjög brýnt að hafa möguleika á að beina umferð um Suðurstrandarveg. Lokanir á Suðurlandsvegi hafa mikil og neikvæð áhrif á íbúa og fyrirtæki á Suðurlandi. Nauðsynlegt að hafa aðra leið færa á milli Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins/Suðurnesja.



Stjórn SASS áréttar jafnframt nauðsyn þess, til að tryggja öryggi vegfarenda og út frá almannavarnarsjónarmiðum, að sem fyrst sé ráðist í uppsetningu senda á leiðinni en stór hluti leiðarinnar er utan farsímasambands.

b) Almenningsamgöngur - Gjaldskrárhækkun Strætó

Framkvæmdastjóri kynnti fyrirhugaða breytingu á gjaldskrá Strætó en stjórn Byggðarsamlags Strætó hefur tekið ákvörðun um að hún taki gildi frá og með 1. mars nk. Tímabilskort og farmiðar hækka á bilinu 2,9 – 4,2% en eftir breytingu verður staðgreiðslugjaldið kr. 420. Verðhækkuninni er ætlað að mæta almennum kostnaðarhækkunum.

c) Ársþing SASS

Samþykkt var að halda ársþing SASS dagana 20. - 21. október á Fosshóтели Jökulsárlóni á Hnappvöllum og var framkvæmdastjóra falið að hefja undirbúning þess.

d) Fjöldi hjúkrunarrýma

Kynnt var svar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Silju Daggar Gunnarsdóttur á Alþingi um fjölda hjúkrunarrýma á landsvísu.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 4. mars nk. kl. 12:00.

Fundi slitið kl. 14:30

Gunnar Þorgeirsson
Eggert Valur Guðmundsson
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Elín Einarsdóttir
Sæmundur Helgason
Anna Björg Níelsdóttir
Páll Marvín Jónsson
Ágúst Sigurðsson
Bjarni Guðmundsson